

Þórður Arason, Kristín Björg Ólafsdóttir, Sibylle von Löwis & Trausti Jónsson (2019), *Veðurstöðvar á Íslandi – þróun kerfis*, Haustþing Veðurfræðifélagsins, Reykjavík, 28. nóvember 2019.

## **Veðurstöðvar á Íslandi – þróun kerfis**

Þórður Arason, Kristín Björg Ólafsdóttir, Sibylle von Löwis & Trausti Jónsson  
Veðurstofu Íslands

Veðurstofa Íslands á aldarafmæli um komandi áramót, en hún var stofnuð 1. janúar 1920. Við þessi tímamót lítum við yfir þróun veðurstöðvakerfisins frá upphafi veðurathugana á Íslandi. Sérstaklega eru kannaðar grundvallarbreytingar á stöðvakerfinu á síðasta aldarfjórðungi, en mikil fjölgun sjálfvirkra veðurstöðva hefur haldist í hendur við fækkun á mönnum stöðvum og útlit er fyrir að sú þróun haldi áfram. Ýmsir veðurþættir henta vel fyrir sjálfvirka mæla og þannig fást þéttari og fyllri upplýsingar með áreiðanlegum tímaröðum; má þar t.d. nefna hita, vind og loftþrýsting. Hins vegar henta sumar athuganir illa fyrir sjálfvirka mæla; má þar nefna sjónmetna þætti, skýjahulu, skýjategundir, snjóhulu veðurlýsingu og ýmis sérstök veðurfyrirbæri. Með sjálfvirknivæðingu breytist eðli sumra mælinga og verða ekki að fullu sambærilegar við eldri mannaðar mælingar, en slíkt misræmi getur reynst bagalegt við skoðun á langtímaleitni í tengslum við rannsóknir á loftslagsbreytingum.

